

HIÐ LJÚFA LÆSI

Rósa Eggertsdóttir. (2019). *Hið ljúfa læsi: Handbók um læsiskennslu fyrir kennara og kennaranema*. Akureyri: Rósa Eggertsdóttir. 240 bls. ásamt minnislykli.

Bókin *Hið ljúfa læsi: Handbók um læsiskennslu fyrir kennara og kennaranema* kom út á Akureyri 2019. Hún er 240 blaðsíður, einstaklega falleg bók og mikil natni lögð í uppsetningu og frágang. Umbrot og hönnun var í höndum Ásdísar Ívarsdóttur og um kápuhönnun sá Kristjana Katla Ragnarsdóttir. Í bókinni er fjöldi teikninga; þorri þeirra eftir Guðmund Ármann Sigurjónsson og Ingvar Guðnason og vatnslitaverk Guðmundar gefa bókinni einnig einstakt yfirbragð. Ásprent á Akureyri prentaði bókina. Útgáfan var styrkt af Starfslaunasjóði sjálfstætt starfandi fræðimanna og Útgáfusjóði Háskólans á Akureyri. Höfundur þakkar fjölmörgum aðstoð við tilurð bókarinnar, svo sem Rúnari Sigþórsyni, Kristínu Aðalsteinsdóttur, Ingibjörgu Auðunsdóttur, Þóru Björk Jónsdóttur, Þórdísi Jónsdóttur og Emilíu Baldursdóttur, ásamt starfsmönnum miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Bókinni fylgir minnislykill sem inniheldur fjölbreytt safn af ítarefni við hvern kafla; á lyklinum eru verkefni sem hægt er að leggja óbreytt fyrir nemendur og efni sem kennarinn getur nýtt sér við skipulag og útfærslur í kennslustofunni.

Markmið bókarinnar er að leiðbeina kennurum og kennaranemum um val á starfsáttum sem líklegir eru til þess að hjálpa börnum að verða læs með því að kenna og æfa alla þætti læsis út frá þörfum og forsendum hvers og eins. Allar leiðbeiningar eru með skýrri vísun í rannsóknir sem styðja þá sýn sem höfundur vill koma til skila. Höfundur á að baki langan starfsferil í kennslu og kennsluráðgjöf og handbókin sprettur af þeirri augljósu hugsjón höfundar að breyta starfsáttum kennara í kennslustofunni. Rósa er líklega þekktust fyrir að vera höfundur *Byrjendalæsis* en í bókinni kynnir hún *Fluglæsi* til sögunnar, safn kennsluhátta fyrir eldri nemendur sem er ætlað að taka við af *Byrjendalæsi* í 3. bekk.

Hið ljúfa læsi skiptist í tíu kafla: Fyrstu tveir kaflarnir, „Læsi alltumlykjandi“ og „Leskilningur í hálfá öld“, fjalla um meginhugmyndir og þróun aðferða við læsiskennslu sem mynda bakgrunn kennslulíkananna *Byrjendalæsis* og *Fluglæsis*. Í 2. og 4. kafla er fjallað nánar um líkönin tvö og tilhögun kennslu, náms og námsmats lýst ítarlega. Í næstu þremur köflum ræðir höfundur um lesskilning og lesskilningsaðferðir og því næst nánar um lestrarlag og tæknilega þætti læsis í 8. og 9. kafla. Tíundi og síðasti kafli bókarinnar er helgaður ritun. Við lok allra kaflanna, nema þess fyrsta, er listi yfir verkefni sem finna má

á minnislyklinum þar sem höfundur leggur sig fram við að tengja starfshætti í kennslustofunni og vinnu nemenda betur við fræðilega og hagnýta umfjöllun í hverjum kafla.

Í fyrsta kafla bókarinnar fer höfundur yfir sviðið og kynnir helstu skilgreiningar á læsi og strauma og stefnur í læsiskennslu á síðustu öld og fram á þennan dag. Í kjölfarið leiðir höfundur lesandann að starfsháttum fyrirmyndarkennarans og því hvernig merkingar-bærir og vandaðir textar, fjölbreyttar, heildstæðar kennsluaðferðir og áherslur hugsmíða-hyggjunnar eru vænlegri til árangurs en aðferðir atferlisstefnunnar án virkrar þátttöku nemandans. Lýsing höfundar á fyrirmyndarkennaranum er fyrsti gullmolinn í bókinni og afar gagnleg fyrir kennara að spegla sig í.

Kaflar 3 og 4 fjalla um Byrjendalæsi og Fluglæsi. Þar sýnir höfundur myndræna framsetningu á grunnlíkani aðferðanna og útskýrir með dæmum hvernig hægt er að nota þær í kennslustofunni. Eins og í öðrum köflum bókarinnar fylgir allt það efni sem vísað er í á minnislyklinum og höfundur hefur útbúið heildstætt safn verkefna fyrir kennara sem þeir geta unnið með skref fyrir skref. Þannig geta kennarar séð fyrir sér framkvæmdina út frá dæmum sem eru útfærð niður í smæstu einingar. Það verður ekki annað séð en að þessir tveir kaflar geti verið afar gagnlegir fyrir alla kennara, ekki bara kennara sem líta á sig sem íslensku- og læsiskennara heldur einnig fyrir kennara sem hafa hug á að samþætta námsgreinar eða auka fjölbreytni og sköpun í kennslustofunni.

Umfjöllun um kennslufræðileg sjónarmið í 3. kafla undir fyrirsögninni: „Svipmót kennslu“ er skýr og hagnýt og fangar vel þau sjónarmið sem höfundur vill koma til skila með Byrjendalæsi og Fluglæsi. Þarna talar höfundur skýrt en þó standa tvö atriði upp úr: annars vegar sú hugmynd að nemendur vinni með eina stílabók þvert á allar námsgreinar og byggi upp safn af eigin textum yfir veturinn og hins vegar að: „Gengið [sé] út frá því að árangursleysi megi frekar tengja ófullnægjandi kennslu en vanda nemandans (bls. 58).“ Haldreipið á blaðsíðu 76 er rúsinan í pylsuendanum og þar nær höfundur að draga hugmyndir sínar saman á einni síðu. Fyrsta hluta haldreipisins „Viðfangsefni verður til“ mætti nýta almennt í skipulagningu náms í leik-, grunn- og framhaldsskólum.

Af 4. kafla taka við kaflar um lesskilning og lesskilningsaðferðir og er kannski vel í lagt að þrjú kaflar fjalli um þetta efni þó að flest af því sem þar kemur fram sé mjög gagnlegt. Á köflum er eins og höfundur hafi ekki alveg gert upp við sig hvort bókin eigi að vera uppflettirit eða heildstæð handbók um læsiskennslu þar sem Byrjendalæsi og Fluglæsi eru einhvers konar útgangspunktur. Þar af leiðir að óþarflega mikið verður um endurtekningar. Þá stingur það í stúf við anda bókarinnar að öðru leyti að textarnir sem höfundur kys að nota sem dæmi eru frekar ólíklegir til að vekja áhuga nútíma nemenda – og kennara ef út í það er farið. Textar um söðlakaup í Öndarfirði og Zeppelin greifa kunna að hafa verið spennandi viðfangsefni fyrir þá sem eru fæddir um miðja síðustu öld en sá tími er liðinn og ekki víst að margir ungir kennarar eða nemendur séu spenntir fyrir efninu.

Þegar kemur að köflum 8, 9 og 10, um lestrarlag, tæknilega þætti læsis og ritun, má velta fyrir sér hvers vegna 9. kafli, „Frá hiki til öryggis“, var ekki hafður fyrstur enda margt í þeim kafla sem tengist umfjöllunarefni 1. kafla um læsilíkön og togstreitu um aðferðir við lestrarkennslu. Bókin hefði þá hafist á umfjöllun um tæknilega þætti læsis og smám saman hefði höfundur fíkrað sig frá tækni að heildstæðum útfærslum í kennslustofunni. Í þessum kafla kemur höfundur því skýrt til skila hversu leiðinleg og niðurdrepandi kennsluaðferð það er að leggja inn einn staf á viku – sérstaklega fyrir börn sem kunna

að lesa – þegar þeim er gert að sitja undir slíkri vinnu jafnvel í heilan vetur. Fyrir kennsluráðgjafa og kennara sem er að taka fyrstu skrefin í kennslu eða vill endurskoða starfshætti sína er vikuleg stafainnlögn lifandi dæmi um vinnubrögð sem ættu að hverfa og augljósa þörf fyrir að taka upp þá starfshætti sem Rósa leggur til.

Í lok bókarinnar tekst höfundur vel að koma til skila straumum og stefnum í ritunarkennslu og lýsa því hvernig kennsla í ritun og málfræði hefur verið á villigötum of lengi. Umfjöllunin um ýmsa árangursríka kennsluhætti í ritun er frábær og kaflinn er hlaðinn góðum hugmyndum og hagnýtu efni. Það hefði alls ekki komið að sök að hafa þennan kafla lengri og gefa ritun veigameiri sess í bókinni. Eins og í fyrri köflum eru textadæmin þó heldur gömul og hefði mátt yngja þau upp.

Gullkistan í bókinni er efnið á minnislyklinum: dæmin um kennsluáætlanir, haldreiðið, matslistar og dæmi um vinnu með tæknilega lestrarkennslu, þróun ritunar og leiðir til að vinna með texta á opinn og skapandi máta. Þetta er einstakt safn af fjölbreyttu efni sem kennarar ættu að geta nýtt sér við að skipuleggja vandað, merkingarbært nám fyrir nemendum. Örlítill galli á skjalasafninu er að skjölun eru á PDF-formi. Þó það komi fram í 1. kafla að hægt sé að breyta þeim, þá er það ekki hægt, nema mögulega með sérstökum hugbúnaði, en það hefði verið dýrmætt fyrir kennara að hafa aðgang að breytanlegum skjölum.

Á heildina litið er *Hið ljúfa læsi* meistaraverk. Enda þótt titill bókarinnar og vísun í Byrjendalæsi og Fluglæsi beini sjónum lesanda fyrst og fremst að læsiskennslu er handbókin mun yfirgripsmeiri og myndar ramma um áætlanagerð, kennsluskipulag og námsmat. Bókin dregur upp mynd af framúrskarandi starfsháttum á grunnskólastigi sem hægt er að yfirfæra á allar námsgreinar og flest þau markmið sem kennarar þurfa að ná með nemendum sínum í þeim greinum sem byggjast á vinnu með tungumál, ritun, framsögn og skilning. Bókin er eiguleg og nauðsynleg í bókasafn allra sem sinna kennslu barna og ungmenna.

UM HÖFUNDINN

Kristrún Lind Birgisdóttir (kristrunlind@trappa.is) er eigandi og framkvæmdarstjóri Tröppu – sjálfstætt starfandi skólaráðgjafarþjónustu. Sérsvið Kristrúnar er kennsluhættir og stjórnun menntastofnanna. Kristrún hefur reynt af skólastjórnun, viðskiptaþróun, verkefnisstjórnun og stefnumótun í skólamálum.